

Skv. Verklagsreglu rafmagnsöryggissviðs Húsnaðis- og mannvirkjastofnunar ([VLR 3.031](#)) þarf rafveita að tilnefna kunnáttumenn, sem eru:

- kunnugir raforkuvirkjum og þeim verkum sem þeir eiga að stjórna eða vinna.
- kunnugir ákvæðum í reglugerð um raforkuvirki sem snerta hlutaðeigandi virki og vinnu við það.
- kunnugir þeim öryggisráðstöfunum sem ber að gera til að koma í veg fyrir hættu.
- kunnugir öryggisstjórnunarkerfi Veitna .

Ábyrgðarmaður tilnefnir eða fær tilnefningar frá fulltrúum ábyrgðarmanns um hæfi starfsmanns eða utanaðkomandi aðila sem kunnáttumaður, ábyrgðarmaðurinn gengur svo úr skugga um að einstaklingurinn uppfylli þær kröfur og hæfni sem gerðar eru til kunnáttumanna.

Ábyrgðarmaður rafveitu ákveður hvort einstaklingur fái að starfa sem kunnáttumaður rafveitu Veitna.

Ábyrgðarmaður rafveitu skráir viðkomandi einstakling á [kunnáttumannalista](#) sem aðgerðastjórnandi, rofastjóri, verkstjórnandi, spennuvörður, skoðunarmaður eða takmarkaður kunnáttumaður eftir því sem við á.

Ábyrgðarmaður rafveitu sendir póst til viðkomandi einstaklings til staðfestingar á því að einstaklingurinn sé orðinn kunnáttumaður. aðgangur að Kunnáttumannalista rafveitu Veitna á meðfylgjandi í [slóð](#).

1. Aðgerðastjórnandi

1.1. Lýsing starfs

Aðgerðastjórnandi þarf að hafa nægilega kunnáttu og þjálfun til að annast stýringu á 6, 11, 33, 66 og 133 kV aflrofum frá stjórnstöð rafmagns, ásamt stjórnun línurofsbreytinga í háspennukerfi. Hann þarf að þekkja uppbyggingu og rekstur aðveitu- og dreifikerfis Veitna og allar helstu aðgerðir á stjórn tölvu í daglegum rekstri og í bilanatilfellum. Verksvið aðgerðastjórnanda felst í að skipuleggja, skilgreina og rýna aðgerðaröð línurofs, stjórna framkvæmd línurofs og stýra fjarstýrðum rofum frá stjórnstöð.

1.2. Kröfur um kunnáttu og reynslu

Aðgerðastjórnendur eru þeir sem ábyrgðarmenn eða fulltrúi ábyrgðarmanns treystir/tilnefnir til að sinna aðgerðastjórnun. Aðgerðarstjórnendur hjá Veitum skulu uppfylla eitt af skilyrðum (i) til (iv) hér að neðan um kunnáttu, menntun og reynslu.

- sveinspróf í rafvirkjun, rafvélavirkjun eða rafveituvirkjun og verulega starfsreynslu, eða
- sveinspróf í rafvirkjun, rafvélavirkjun eða rafveituvirkjun og próf í rafmagnsiðnfræði / meistaranámi rafiðna, eða
- hafi rafmagnsverkfræði- eða rafmagnstækniþróf, eða
- hafi ígildi þeirrar menntunar. Starfsmaður skal hafa minnst tveggja mánaða starfsreynslu í stjórnstöð Veitna eða við sambærileg störf.

Aðgerðastjórnendur eru merktir sem slíkir í [kunnáttumannalista](#) rafveitu Veitna.

2. Rofastjóri

2.1. Lýsing starfs

Rofastjóri þarf að hafa nægilega kunnáttu og þjálfun til að stýra staðstýrðum háspennurofum í aðveitu- og dreifistöðvum við framkvæmd línurofs og gera viðeigandi varnarráðstafanir. Ábyrgðarmaður velur í samráði við skipuleggjanda línurofsbreytinga hæfan rofastjóra hverju sinni. Verksvið rofastjóra er að stýra staðstýrðum rofum í háspennukerfi vegna vinnu í eða nálægt háspennuvirki, samkvæmt fyrirmælum aðgerðastjórnanda. Rofastjóri hefur heimild til að yfirfara aðgerðaröð vegna breytinga á línurofi.

2.2. Kröfur um kunnáttu og reynslu

Rofastjórar eru þeir sem ábyrgðarmaður eða fulltrúi ábyrgðarmanns treystir/tilnefnir til að sinna rofastjórnun að því gefnu að þeir hafi a.m.k. sveinspróf í rafvirkjun, rafvélavirkjun eða rafveituvirkjun og minnst sex mánaða starfsreynslu við rafveitu Veitna eða við sambærileg störf. Nánari skilgreiningar og kröfur um kunnáttu og reynslu rofastjóra er að finna í leiðbeiningaskjali [LBV-204](#) fyrir Veitur.

Rofastjórar eru merktir sem slíkir í [kunnáttumannalista](#) rafveitu Veitna

3. Verkstjórnandi

3.1. Lýsing starfs

Hjá Veitum vísar verkstjórnandi til verkstjóra, leiðtoga og/eða verkumsjónarmanns á verkstað þess vinnuflokks sem falið er að vinna tiltekin verk við rafbúnað eða nálægt raforkuvirkjum.

Verkstjórar/leiðtogar/verkumsjónarmenn bera ábyrgð á framkvæmdum í rafdreifikerfi og því eftirliti á dreifikerfi og virkjum sem þeim er falið. Verkstjórar/leiðtogar/verkumsjónarmenn velja flokk / flokka til að annast viðgerðir í neyðartilvikum í samráði við stjórnstöð rafmagns. Verkstjórar/leiðtogar/verkumsjónarmenn hafa yfirumsjón með störfum vinnuflokka. Verkstjórar/leiðtogar/verkumsjónarmenn tryggja útvegum efnis til verkefna flokkanna. Þeir yfirfara verkin, tryggja að öll gögn séu rétt, skrá eða yfirfara verkdagbók því til staðfestingar.

3.2. Kröfur um kunnáttu og reynslu

Verkstjórnendur/verkumsjónarmenn eru þeir sem ábyrgðarmaður eða fulltrúi ábyrgðarmanns treystir/tilnefnir til að sinna verkstjórnun hjá Veitum að því gefnu að þeir hafi a.m.k. sveinspróf í rafvirkjun, rafvélavirkjun eða rafveituvirkjun og minnst átján mánaða starfsreynslu við rafveitu Veitna eða við sambærileg störf.

Verkstjórnendur eru merktir sem slíkir í [kunnáttumannalista](#) rafveitu Veitna

4. Spennuvörður

4.1. Lýsing starfs

Spennuvörður þarf að vera vel kunnugur þeim hættum sem stafar af spennuhafa rafbúnaði. Verkstjórnandi tilnefnir spennuvörð þegar aðstæður krefjast þess vegna vinnu við spennuhafa rafbúnað. Spennuvörður annast öryggisvörslu vegna vinnu við eða nálægt spennuhafa rafbúnaði til að koma í veg fyrir að fólk komi hættulega nærri honum. Spennuvörður hefur yfirlit yfir öryggisfjarlægðir, starfsfólk og ráðstafanir sem gerðar eru í öryggisskyni.

4.2. Kröfur um kunnáttu og reynslu

Spennuverðir eru þeir sem ábyrgðarmaður eða fulltrúi ábyrgðarmanns treystir/tilnefnir til að sinna spennuvörslu að því gefnu að þeir hafi a.m.k. sveinspróf í rafvirkjun, rafvélavirkjun eða rafveituvirkjun og að minnsta kosti sex mánaða starfsreynslu við rafveitu Veitna eða við sambærileg störf.

Spennuverðir eru merktir sem slíkir í [kunnáttumannalista](#) rafveitu Veitna

5. Skoðunarmaður

5.1. Lýsing starfs hjá Veitum

Skoðunarmaður þarf að vera hæfur til að annast úttektir og skoðanir Veitna á nýjum og breyttum virkjum og á ástandi raforkuvirkja í rekstri, með tilliti til öryggis gagnvart slysum og rekstri. Ábyrgðarmaður rafveitu tilnefnir skoðunarmann hverju sinni, til að annast skoðanir á virkjum Veitna.

5.2. Kröfur um kunnáttu og reynslu

Skoðunarmenn eru þeir sem ábyrgðarmaður eða fulltrúi ábyrgðarmanns treystir/tilnefnir til að sinna skoðun innan Veitna að því gefnu að þeir hafi a.m.k. sveinspróf í rafvirkjun, rafvélavirkjun eða rafveituvirkjun og að minnsta kosti eins árs starfsreynslu við rafveitu Veitna eða við sambærileg störf.

Skoðunarmenn eru merktir sem slíkir í [kunnáttumannalista](#) rafveitu Veitna.

6. Umsjónamaður Notendapjónustu

6.1. Lýsing starfs

Umsjónarmaður Notendapjónustu fer í umboði ábyrgðarmanns Veitna með vinnu við áhleypingu rafmagns á neysluveitir og mælasætningu. Hann framfylgir kröfum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um öryggisstjórnun og upplýsingagjöf á sviði heimlagna. Hann sér um úrbætur er varða breytingar og endurbætur á heimtaugum, mælabúnaði svo og stýribúnaði tengdum mælum. Umsjónarmaður Notendapjónustu er merktir sem slíkur í [kunnáttumannalista](#) rafveitu Veitna.

6.2. Kröfur um kunnáttu

Umsjónamaður Notendapjónustu er sá sem ábyrgðarmaður rafveitu Veitna telur hæfan til að sinna hlutverkinu. Hann þarf að uppfylla kröfur skv. grein 4.8 í reglugerð um raforkuvirki um B-Löggildingu til rafvirkjunarstarfa.

7. Takmarkaður kunnáttumaður

7.1. Lýsing starfs.

Takmarkaður kunnáttumaður er starfsmaður eða verktaki sem þarf aðgengi að dreifistöðvum Veitna, til starfa sem aukamaður eða til annarra starfa en við rafveitu Veitna.

Þetta geta verið störf vegna viðhalds bygginga eða búnaðar sem er í leiguréymi á vegum leigutaka.

Takmarkaður kunnáttumaður skal aldrei vera í forsvari vegna vinnu við rafbúnað í dreifistöðvum Veitna.

Þessi starfsmaður má þó vera aukamaður með kunnáttumanni (sem er rofastjóri).

Takmarkaðir kunnáttumenn eru merktir sem slíkir í [kunnáttumannalista](#) rafveitu Veitna.

7.2. Kröfur um kunnáttu og reynslu

Takmarkaður kunnáttumaður skal hafa setið eftirfarandi námskeið hjá Veitum:

"Hættur af háspennu" og "Ljósbogavarnarnámskeið"

Verktakar sem starfa fyrir Veitur skulu einnig hafa lokið þeim grunnnámskeiðum sem farið er fram á í verksamningum.

Til dæmis: (SSG Grunnnámskeið og SSG Veitur)

8. Spennuvörður dreifistöðva Ljósleiðarans (LL).

8.1. Lýsing starfs.

Spennuvörður dreifistöðvum LL þarf að vera vel kunnugur þeim hættum sem stafar af spennuhafa rafbúnaði.

Rafvirkjameistari Ljósleiðarans tilnefnir spennuvörð hverju sinni þegar aðstæður krefjast þess vegna vinnu í nálægð rafbúnaðs Veitna í dreifistöðum. Spennuvörður annast öryggisvörslu vegna vinnu í nálægð við rafbúnað til að koma í veg fyrir að fólk komi sér í hættulegar aðstæður. Spennuvörður hefur það hlutverk að hafa yfirlit yfir öryggisfjarlægðir, starfsfólk og ráðstafanir sem gerðar eru í öryggisskyni til að tryggja að fyllsta öryggi sé gætt.

8.2. Kröfur um kunnáttu og reynslu

Spennuverðir dreifistöðva - LL eru þeir sem ábyrgðarmaður eða fulltrúi ábyrgðarmanns treystir/tilnefnir til að sinna spennuvörslu að því gefnu að þeir hafi a.m.k. sveinspróf í rafvirkjun, rafvélavirkjun eða rafveituvirkjun og að minnsta kosti sex mánaða starfsreynslu í dreifistöðvum hjá Veitum eða við sambærileg störf.

Spennuverðir dreifistöðva - LL eru merktir sem slíkir í [kunnáttumannalista](#) rafveitu Veitna.

9. Kunnáttumaður notendapjónustu

9.1. Lýsing starfs.

Kunnáttumaður notendapjónustu fer í umboði ábyrgðarmanns Veitna með vinnu við áhleypingu rafmagns á neysluveitur og mælasetningu. Hann framfylgir kröfum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um öryggisstjórnun og upplýsingagjöf á sviði heimlagna. Hann sér um úrbætur er varða breytingar og endurbætur á heimtaugum, mælabúnaði svo og stýribúnaði tengdum mælum. Hann þarf að vera vel kunnugur neysluveitum og tengingum þeirra.

Alltaf skal vinna eftir ferli Veitna við mælauppsetningar, áhleypingar og aðra vinnu tengda notendapjónustu. Ef vinna þarf í neysluveitu skal senda þjónustubeiðni til HMS.

Kunnáttumaður mælaskipta hefur ekki réttindi til að starfa í dreifiveitu Veitna, nema að undangenginni þjálfun og þá einnig skilgreindur sem rofastjóri.

9.2. Kröfur um kunnáttu og reynslu

Kunnáttumaður mælaskipta skal hafa sveinsbréf í rafvirkjun, hlotið þjálfun frá Veitum og setið viðeigandi námskeið sem Veitur setja kröfu um. Heimilt er þó að vera með nema í rafvirkjun undir eftirliti sveinsbréfs hafa.

Kunnáttumaður mælaskipta eru merktir sem slíkir í [kunnáttumannalista](#) rafveitu Veitna.

10. Tilvísanir

Leiðbeiningar:

[LBV-204](#); Rofastjórar – skilgreiningar og kröfur.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun:

[VLR 3.031](#); Öryggisstjórnun rafveitna, iðjuvera og einkarafstöðva.

Listar:

[Kunnáttumannalisti rafveitu Veitna](#)